

3. júní 2010

Sumarstarf

Byggingarverkfræðideild Verkfræðingafélags Íslands (BVFÍ) og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (málræktarsvið) auglýsa eftir styrkþega til þess að vinna að þróunarverkefni um íðorðagerð í byggingarverkfræði í sumar. Leitað er að stúdent með áhuga á og færni í íslenskri tungu. Styrkþeginn hefur aðstöðu hjá málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar. Um er að ræða sjálfstætt þróunarverkefni sem unnið verður í samstarfi við sérfræðinga Íslenskrar málstöðvar og BVFÍ. Styrkurinn er samkvæmt taxta Nýsköpunarsjóðs námsmanna og er til þriggja mánaða. Nánari upplýsingar um verkefnið veita Skúli Þórðarson hjá BVFÍ (s. 846 7253 skuli@vegsyn.is) og Ágústa Þorbergsdóttir hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (s. 525 4440 eða 615 0125 agustath@hi.is).